



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

Keflavík 7. ágúst 1986.

110. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn fimmtudaginn 31. júlí 1986.

Fundinn sátu: Guðmundur Björnsson, formaður skólanefndar; Hjálmar Árnason, skólameistari; Guðjón Kristjánsson, Halldór Ingvason, Hilmar Þ. Hilmarsson, Ingimundur Þ. Guðnason, Helgi Eiríksson, fulltrúi kennara; og Hafliði Sævarsson, fulltrúi nemenda.

Þar sem þetta var fyrsti fundur nýrrar skólanefndar bað skólameistari Halldór Ingvason, aldursforseta nefndarmanna, að stýra fyrsta dagskrárlið þ.e. verkskiptingu skólanefndar.

1. Formaður var kosinn Guðmundur Björnsson, Keflavík. Varformaður Hilmar Hilmarsson, Njarðvík, og ritari Bogi Hallgrímsson, Grindavík.

2. Að kosningu lokinni tók formaður við fundarstjórn og bað skólameistara aðskýra húsnæðismál skólans.

Skólameistari rakti byggingarmálin ýtarlega og taldi rétt að geta þess til að forða misskilningi, að fyrri skólanefnd hafi á sínum tíma ákveðið að Verkfræðistofa Suðurnesja sæi um allar byggingarverkfræði-teikningar að nýrri viðbyggingu.

Nokkrar umræður urðu um fjármögnunarleiðir byggingar. Fram kom að skólameistari hefur óskað eftir heimild sveitarfélaganna fyrir því að hefja byggingaframkvæmdir strax þannig að taka megi fyrsta viðbyggingarhluta í notkun um næstu áramót.

Greiðsluform á þessari framkvæmd yrðu skuldabréf sem ríki og sveitarfélög ábyrgjast. Menntamálaráðherra hefur tekið þessari málaleitan vel en formlegt samþykki er enn ókomið frá nokkrum sveitarfélögum.

Áætlaður kostnaður viðbyggingar er á bilinu 20-25 milljónir.

Skólanefnd samþykkti að knýja sem fyrst á ríkisvaldið til samþykktar framkvæmdinni og fá síðan samþykki sveitarfélaga. Skólameistari taldi að húsnæðismál skólans væru í algjöru öngþveiti, þannig að þörf á úrbótum væri aðkallandi svo ekki kæmi til að takmarka þyrfti aðsókn að skólanum.

3. Stäða skólaritara.

Helga Loftsdóttir, sem gegnt hefur starfi aðalritara skólans, hefur sagt starfinu lausu, en býðst tilaað gegna starfinu út ágúst-mánuð og setja nýjan ritara inn í starfið.

Skólameistari óskaði eftir að framlengja umsóknarfrest um starfið, án þess þó að hafna þeirri einu umsókn sem borist hefur.

Skólanefnd var þessu samþykk.

4. Húsvarsla í öldungadeild.

Skólameistari greindi frá að húsið væri nánast gæslulaust frá kl. 16 s.d. til kl. 22-23 á kvöldin. Leggur skólameistari til að húsvorðarstarfið verði endurskipulagt á þann hátt að einn húsvörður verði allt árið en tveir 9 mánuði þ.e. starfstíma skólans og skipti þeir þá með sér vöktum. Kostnaðarauki yrði ekki verulegur þar sem föst yfirvinna eins húsvorðar mundi að mestu falla niður. Skólanefnd samþykkti að fela skólameistaraað annast þessar skipulagsbreytingar.

5. Upphaf haustannar.

Sú hugmynd hefur komið upp í skólastjórn og verið samþykkt á kennarafundi að hefja kennslu fyrr en venjulega eða 27. ágúst (nú í haust).

Ákveðið er að kalla nýnema í skólann þennan dag og taka betur á móti þeim en oft áður. Aðrir nemendur koma svo degi síðar og fá sínar töflur.

Fyrirhugað er að taka síðan miðannarfrí í tvo daga.

Nemendafjöldi értáttlaður 560-570 í dagskóla. Skólameistari leggur til að innritunargjald verði 1400 kr. hvora önn. Var það samþykkt.

6. Önnur mál.

a) Skólameistari minnst á svonefnd námsvistargjöld. Ef hægt er að stunda nám í Fjölbrautaskóla Suðurnesja greiða sveitarfélögin ekki gjöld fyrir nemendur í aðra skóla, þó er

iðnnám undanskilið. Hefur reglan verið sú að Fjölbrautaskólinn hefur tekið að sér að greiða gjöldin t.d. til Reykjavíkur og hefur einnig innheimt gjöld frá nemendum utan Suðurnesja er sækja Fjölbrautaskólann t.d. á flugliðabraut. Ákveðið að hafa þetta óbreytt áfram.

b) Bréf hefur borist frá Ósu Knútsdóttur dönskukennara þar sem hún fer fram á styrk til að sækja dönskunámsskeið til Danmerkur. Samþykkt að veita kr. 18.000 og miðað við reglur skólanefndar um slík námsskeið. Jafnframt var samþykkt að kennarar sem hlytu slíkan styrk skiluðu greinargerð um nám sitt.

c) Skólameistari minnti á deilur um fargjaldastyrk frá síðustu önn. Fram kom að flugmálastjóri mun í framtíðinni greiða fargjaldastyrk beint til kennara af flugliðabraut. Skólanefnd er sammála því að fresta afgreiðslu þessa máls til næsta fundar en tekur almennt undir þau sjónarmið að kennurum í fullu starfi verði ekki mismunað um aksturs- eða búsetustyrk.

Nefndarmenn voru því samþykkið að jafna aðstöðumun þeirra kennara sem ættu aðsetur í öðrum byggðum Suðurnesja en Keflavík og Njarðvík.

d) Kennararáðningar.

Skólameistari óskar eftir því að Jón A. Valdimarsson verði endursettur við málmiðnaðarbraut og Gunnar Bergmann sem enskukennari. Skólanefnd er þessu samþykkt.

e) Skólameistari óskaði eftir að víkja af fundi. Formaður skólanefndar upplýsti að skólameistari hefði fengið loforð fyrir auknum km fjölda úr 960 í 1500 km hjá fyrri skólanefnd en farist hafi fyrir að framkvæma þetta. Þá óskar skólameistari eftir auknum yfirvinnutíma þá frá sveitarfélögunum úr 12 í 20 tíma. Skólanefnd er fyrir sitt leyti samþykkt þessum breytingum og vísar því áfram til sveitarstjórna.

Fleira ekki gert fundi slitið.

Sign. Halldór Ingvason

Til skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Eg undirrituð tók þátt í námskeiði fyrir dönskukennara á framhaldsskólastigi sem haldið var í Danmörku dagana 3-15 ágúst 1986. Námskeiðið var haldið á gömlum herragarði, Schæffergården, sem nú hefur verið breytt í ráðstefnuasetur. Dagskrá var á hverjum degi frá kl. 9-16/17 og voru fyrirlestrar fyrir hádegi en hópvinna undir leiðsögn fyrirlesara eftir hádegi.

I fyrirlestrunum var m.a. fjallað um stöðu hinna ýmsu bókmenntatexta (og annarra ritaðra texta) í tungumálakennslu og hvernig hægt væri að nýta sér þá á sem bestan hátt. Einnig var mikið fjallað um notkun videos í tungumálakennslu en video er víðast hvar mjög að ryðja sér til rúms í kennslunni.

Farið var í heimsókn á Københavns Amtscentral (Námshagstofnun Kaupmannahafnar) og Kaupmannahafnarháskóla þar sem þátttakendur kynntu sér nýjustu aðferðir við kennslu erlendra tungumála. Það kom í ljós að kennslan byggist orðið mjög mikið upp á svokölluðum "autentiskum textum". Með "autentiskum textum" er átt við "sanna" texta svo sem til dæmis samtöl fólks eða bein viðtöl við fólk, fréttir og aðra þætti úr útvarpi og sjónvarpi. Á þennan hátt geta nemendur upplifað notkun málsins við eðlilegar aðstæður þ.e. heyrt það talað um leið og þeir heyra hvernig það er notað.

Námskeiðspáttakendum bar saman um að námskeiðið hefði á allan hátt verið hið gagnlegasta og létu í ljósi ósk um að komið verði á einhverskonar námshagstofnun fyrir framhaldsskóla sem sæi um öflun og dreifingu á t.d. myndböndum sem nota mætti við tungumálakennslu hér heima.

Eg vil að lokum þakka skólanefnd fyrir þann styrk sem mér var veittur og benda á að það er mjög mikils virði fyrir kennara að fá tækifæri til að komast á þau endurmenntunarnámskeið sem haldin eru í hinum ýmsu námsgreinum.

Osa Knútsdóttir